



## Fundargerð

**428. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 11:00 fimmtudaginn 10. janúar 2019. Þetta er 1. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 4 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Katrín Gunnarsdóttir D-lista boðar forföll í hennar stað er mættur Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn velkomna. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

### II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

6. Málefni Fjaðrárgljúfurs
7. Innviðir í Skaftárhreppi
8. Tilboð Podium í ráðgjöf vegna stefnumótunar Skaftárhrepps

### IV. Annað kynningarefni

5. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

*Sveitarstjóri hefur ásamt forstöðumanni Kirkjubæjarstofu unnið að undirbúningi vegna starfslýsingar nýs starfs atvinnufulltrúa. Blástur og tengingar ljósleiðara á austur-Síðu hófust strax í byrjun árs og er áætlað að því verki verði lokið í janúar. Einnig er ráðgert að hefja blástur í Skaftártungu fljótlega. Oddviti og Jóna Björk Jónsdóttir fóru á vinnufund samstarfsnefndar um miðhálandisþjóðgarð sem haldinn var í Skaftafelli. Teknar voru fyrir þær hugmyndir sem uppi eru um mörk þjóðgarðs ásamt kostum og göllum stofnun þjóðgarðs af þessu tagi. Allar hugmyndir verða kynntar síðar á opnum vettvangi. Ólafur Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi hóf störf 3. janúar sl. og er boðin velkomin til starfa. Skipulags- og byggingarfulltrúi er með aðstöðu á skrifstofu Skaftárhrepps alla virka daga. Sveitarstjórn vill koma á framfæri þökkum til Landmótunar og Sigurðar Jakobssonar fyrir vel unnin störf í þágu skipulags og byggingarmála sveitarfélagsins.*

### Dagskrá

#### I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 143. fundar skipulagsnefndar, dags. 08.01.2019

#### 2. 1811015 Tungulækur byggingarleyfi.

Sótt er um byggingarleyfi fyrir nýtt veiðihús sem á að standa vestan við heimreiðina að Tungulæk, um 109 m frá Meðallandsvegi (204).

*Samþykkt í skipulagsnefnd. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 3. 181213 Umsókn Benedikts Lárussonar um skáningu nýrra fasteigna í fasteignaskrá.

Sótt er um skráningu tveggja nýrra lóða þ.e. Kirkjubæjar I sem er 24383 m<sup>2</sup> af stærð með einu mannvirki og lóð fyrir Stöðina sem er 61 m<sup>2</sup> og einnig með einu mannvirki.

*Samþykkt í skipulagsnefnd. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*



*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 4. 1704007 Deiliskipulag Ásar.

Lagt er fram til samþykktar deiliskipulag fyrir Ása. Deiliskipulagið nær til 10.000 m<sup>2</sup> landspildu úr landi Ása. Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir gestahús. Skipulagið var auglýst frá 29. október – 13. desember 2018 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Vegagerðinni.

*Deiliskipulagið samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 5. 1804001 Deiliskipulag Laufskálavörðu.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi Laufskálavörðu sem nær yfir um 5,1 ha svæði. Innan svæðisins á að byggja upp áningarstað með ómönnuðu þjónustuhúsi og bílastæðum í landi Skálmabæjar. Markmið deiliskipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni. Skipulagið var auglýst frá 29. október – 13. desember 2018 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Minjastofnun.

*Bent er á að framkvæmdin er innan veghelgunarsvæðis og er því háð leyfi Vegagerðarinnar.*

*Deiliskipulagið samþykkt með þeim fyrirvara að tekið verði tillit til umsagnar Umhverfisstofnunar og fram komi upplýsingar um áætlaðan fjölda ferðamanna, magn úrgangs og frágang hreinsivirkja. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 6. 1901002 Breyting á deiliskipulagi Geirlands.

Sótt er um breytingu á deiliskipulagi Geirlands en markmið breytingarinnar er að fjölga gistirýmum og bílastæðum ásamt því að bæta aðgengi og öryggi á svæðinu.

*Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn*

2. 1809013 Fundargerð 72. fundar íþróttá- og tómstundaneftardar, dags. 07.01.2019

1. 1812010 Drög að frístundastyrki:

Athugasemd um 4. Gr. Lið a. „Stjórn/leiðsögn menntaðs fagaðila á sviði íþróttá og tómstunda“ *Mögulega þarf að skilgreina betur menntun leiðbeinanda og þjálfara. Þar sem ekki er víst að allir þeir sem koma til með að þjálfa séu með tilskilin fagréttindi á sviði íþróttá og tómstunda“.*

Athugasemd um 4 gr. Lið b. „Skipulagt frístundastarf þarf að ná yfir 10 vikur samfellt“ – Spurning hvort ekki sé hægt að sleppa tímaramma og leggja meiri áherslu á að einstaklingur klári námskeið.

Athugasemd við 4. Gr. Lið. d. „Viðvera eftir skóla“ – Hvað er átt við?

Verður hægt að sækja um styrki fyrir haust og vorönn?

*[Handwritten signatures and initials]*  
BVG  
JH  
JH



Fólk fær ekki afhendan styrk nema með staðfestingu frá þjálfara/kennara í hverri grein fyrir sig í lok námskeiðs.

Athugasemd 2. Gr. Lið d. Er ekki heppilegra að setja orðið „frístundar“ í stað „frístundatilboðs“?

*Sveitarstjórn þakkar góðar ábendingar og felur sveitarstjóra að uppfæra drögin að reglum í samræmi við þær.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1901005 Umsókn um tækifærisleyfi frá Þorablóti á Kirkjubæjarklaustri til umsagnar. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 31.12.2018.  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. Bjarki Guðnason tekur ekki afstöðu til málsins vegna aðkomu að því á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri.*
2. 1812017 Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðanefnd. Umhverfisstofnun, dags. 14.12.2018  
*Sveitarstjórn tilnefnir Pálinu Pálsdóttur fulltrúa í vatnasvæðanefnd fyrir sína hönd.*
3. 1812015 Aðalfundur Bergrisans bs. 18. janúar 2019 – tilnefning fulltrúa.  
*Sveitarstjórn tilnefndi á síðasta fundi Söndru Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóra sem fulltrúa. Skaftárhreppur á þrjá fulltrúa og tilnefnir einnig Evu Björk Harðardóttur og Arndísi J. Harðardóttur. Til vara er tilnefnd Jóna Björk Jónsdóttir.*
4. 1901006 Endurskoðun kosningalaga – til umsagnar. Starfshópur um endurskoðun kosningalaga, dags. 19.12.2018.  
*Sveitarstjórn felur kjörnefnd að skoða hvort tilefni sé til að gera athugasemdir við tillögur vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga frá 2016.*
5. 1901007 Styrkvegasjóður 2019  
*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa eftir hugmyndum að verkefnum í Skaftárhreppi sem gætu fallið undir styrkvegasjóð Vegagerðarinnar.*
6. Málefni Fjaðrárgljúfurs  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps harmar þá ákvörðun Umhverfisstofnunar að hafa ekki starfandi landvörð við Fjaðrárgljúfur frá áramótum 2018 og fram á sumar. Eftir reynslu frá síðast liðnum vetri er ljóst að svæðið þolir ekki þann gestafjölda sem þarna er án þess að landvörður sé á svæðinu til að upplýsa gesti og stýra umferð. Núna strax viku eftir að svæðið var skilið eftir án landvörslu varð að loka því og verður það lokað þangað til jarðvegurinn þornar sem sýnir þá miklu þörf sem er á stöðugri landvörslu. Eftir núverandi lokun er svo áætlað að opna aftur og hafa opið án landvörðslu.*  
*Þessi umgengi við náttúruna er óásættanleg með öllu. Sveitarstjórn krefst þess að Umhverfisstofnun haldi úti landvörslu alla daga allt árið eins og sýnt er að þörf er á. Sveitarstjóra falið að senda bókunina á viðeigandi aðila.*
7. Innviðir í Skaftárhreppi  
*Sveitarstjórn vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra viðbragðsaðila sem komu til aðstoðar vegna umferðarslyssins við Núpsvötn á þriðja degi jóla. Ljóst er að styrkja þarf innviði viðbragðsaðila á svæðinu til að geta betur mætt aukinni tíðni slysa og yfirvofandi náttúruhamförum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að boða fulltrúa viðbragðsaðila á*



svæðinu til samráðsfundar um leiðir til að stuðla að bættum aðbúnaði sem styrkir þeirra starfsemi.

8. Tilboð Podium í ráðgjöf vegna stefnumótunar Skaftárhrepps  
*Fyrir fundinum liggur tilboð frá Podium í ráðgjöf vegna stefnumótunar fyrir vinnu vegna endurskoðunar aðalskipulagsins. Tilboðið hljóðar uppá 1.173.000 án vsk. og fæst helmingur upphæðarinnar endurgreiddur frá Skipulagsstofnun. Sveitarstjórn samþykkir tilboðið sem verður tekið af lið 0922-4321.*

### III. Fundargerðir til kynningar

1. 1604031 Fundargerð 62. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, 18.12.2018. *Fundargerð kynnt.*
2. 1807008 Fundargerðir 1. – 4. Fjallskilaneftndar á Austur-Síðuafrétti 2018. *Fundargerðir kynntar.*

### IV. Annað kynningarefni


1. Samantekt umræðna frá opnum samráðsfundi á Hellu 12. nóvember 2018 vegna vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki. Umhverfisstofnun, dags. 18.12.2018. *Kynnt.*
2. Vinnumansal og kjör erlends starfsfólks. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 13.12.2018. *Kynnt.*
3. Skýrsla um starfsemi héraðsskjalasafna – niðurstöður eftirlitskönnunar ÞÍ vegna 2017. Þjóðskjalasafn Íslands, dags. 18.12.2018. *Kynnt.*
4. Ársskýrsla 2017. Heilbrigðisstofnun Suðurlands. *Kynnt.*
5. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 14. febrúar 2019

Fundi slitið kl. 13:10

  
Eva Björk Harðardóttir

  
Bjarki Guðnason

  
Jón Hrafn Jónsson

  
Jóna Björk Jónsdóttir

  
Arndís Harðardóttir